

VEIÐIDAGBÓK



UST
Umhverfisstofnun

2005

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



Skýr



EFNISYFIRLIT

10. árgangur



Umhverfisstofnun

Veidistjórnarsvið

Leiðari	2
Refir og minkar	3
Rjúpan rannsóknir og þekking	6
Notkun gæsavængja við vöktun á ástandi gæsastofna og þátttaka veiðimanna	12
Breytt viðhorf	16
Skipting landsins í sex veiðisvæði	18
Veiðidagbók veiðimannsins	20
Veiðikortakerfið	33
Veiðitölur	34
Friðlýst svæði	36
Kort af friðuðum svæðum	39
Happdrætti	40
Fuglamerki, hvað á að gera við þau?	42
Boð og bönn	44
Veiðitímabil, tafla	48

Veidistjórnarsvið Umhverfisstofnunar gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Veidistjórnarsvið • Borgir v/Norðurslóð • 600 Akureyri

Sími: 460 7900 • Bréfasími: 460 7901

Heimasíða: www.ust.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Öli Hilmarsson

Prentvinnsla: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnarsviðs

FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

Útgáfunúmer UST-2005:04



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIDISTJÓRNUNARSVIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Veiditölur ónýtar fyrir árið 2003

Þegar leið á árið kom í ljós að veiðimenn höfðu látið reiði sína vegna alfríðunar á rjúpu bitna á veiðikortakerfinu með því að skila inn röngum veiðitölum. Því er ljóst að veiðitölur fyrir árið 2003 eru ónothæfar og veiðitölur fyrir árið 2002 verða aldrei meira en 90% réttar.

Í ár hefur hinsvegar lítið borið á þessu og virðast veiðitölur fyrir árið 2004 vera nokkuð í lagi.

Refa-og minkanefnd hafa lokið störfum

Báðar þessar nefndir luku störfum á árinu og eru tillögur þeirra komnar á borð þartilbærara aðila.

Mikil ásókn í hreindýraveiðileyfi

Ríflega 1.600 umsóknir bárust í 800 leyfi til hreindýraveiða fyrir árið 2005. Á síðasta ári voru umsóknir rúmlega 1.100 og árið þar áður um 800. Þessi tegund veiða virðist því

vera orðinn gríðarlega vinsæl og miklir möguleikar að opnast fyrir ferðaþjónustu á svæðinu í tengslum við veiðarnar. Dregið er um leyfi með aðstoð tölvuforrits sem raðar mönnum handahófskennt niður eftir því hvaða svæði er sótt um og kyni dýrs.

Skotvopnanámskeið

Árið 2004 tók Umhverfisstofnun við fræðsluhlutverki skotvopnanámskeiða samkvæmt sérstökum samningi við Ríkislögreglustjóra. Metnaðarfullt námsefni var gefið út og 24 námskeið haldinn um allt land, bæði á staðnum og með fjar-kennslu. Unnið er að frekari þróun námskeiða á þessu ári.

Rjúpnaveiði í haust

Hæstvirtur umhverfisráðherra tilkynnti sl. haust að takmarkaðar rjúpnaveiðar muni hefjast haustið 2005 skv. tillögum rjúpnanefndar. Nefndin mun skila af sér fullmótuðum tillögum í sumar.



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIDISTJÓRNUNARSVIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa-og minkaveiða á árinu 2004 eins og undanfarinn ár. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og stækkun sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2004 og til sam-


anburðar kostnaðurinn fyrir árin 2003 og 2002

Refaveiðin árið 2004 jókst verulega á milli ára og endaði í nýju meti. Þegar kostnaðartölur eru skoðaðar sést að veiðiátakið jókst um 12% á milli ára. Er þetta mjög athyglisvert því umræðan á

Tafla 1: Árið 2004 – tölur frá 2003 og 2002 til samanburðar

	Refir			Minkar		
	2004	2003	2002	2004	2003	2002
Veidd dýr	5.688	4.832	5.268	7.116	7.323	7.249
Vinnustundir	14.174	12.656	13.246	15.009	16.357	15.844
Eknir km.	65.786	52.461	54.676	80.875	86.995	82.787
Kostn. millj. króna	63	55	56	45	44	39
Kostn. pr. veitt dýr	11.076	11.341	10.630	6.324	6.036	5.380
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,5	2,6	2,5	2,11	2,2	2,2
Eknir km. pr. veitt dýr	11,6	10,9	10,4	11,4	11,9	11,4

Refaveiði 1957-2004



síðasta ári snérist mjög um að sveitarfélög ætluðu að draga verulega úr veiðiálagi og hætta að borga fyrir skott nema ráðnum veiðimönnum.

Ekki tókst að vinna úr gögn- um frá 1958 til samanburðar við gögn frá 1960 og okkar gögn vegna fjárskorts. Óvíst er hvenær slíkt verður gerlegt þar

Tafla 2:


	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2004	2.340	10.84	2.264	5.688
2003	2.154	833	1.845	4.832
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774

sem útlit er fyrir mjög magurt fjárhagsár.

Refanefnd lauk störfum á árinu og var athyglisvert að engar byltingarkenndar hugmyndir komu fram um endurskipulagningu veiða. Helstu hugmyndir voru að hækka endurgreiðsluhlutfall ríkisins aftur í 50%, leggja niður VSK af refaveiðum og fá fjárveitingu til þess að hefja skráningu grenja í gagnagrunn.

Minkaveiðin dróst líttilega saman á milli ára enda minnkun sveitarfélögin framlög sín á milli ára um 8%.

Í störfum minkanefndar kom skýrt fram hversu lítið við vitum um þennan stofn. Stofnstærðartölur voru frá 7.000-70.000 minkar enda er lítið sem ekkert vitað um stofnstærð tegundarinnar og mjög brýnt að vinna stofnstærðarmat minksins.



RJÚPAN

RANNSÓKNIR OG ÆKING



ÓLAFUR K. NIELSEN

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFUN ÍSLANDS

Rjúpan hefur löngum verið Íslendingum hugleikin; hún dvelur með okkur árið um kring, er ein-kennisfugl íslenskra móa og vinsæl veiðibráð. Umfangsmiklar rjúpnarannsóknir hafa farið fram á Náttúrufræðistofnun Íslands um langa hríð. Nýverið hafa komið út þrjú rit um árangur þessara rannsókna og þau voru unnin í samvinnu við prófessor Kjartan G. Magnússon og Jenný Brynjarsdóttur tölfræðing, bæði við Raunvísindastofnun Háskólans.

Þessi rit eru:


1. Jenný Brynjarsdóttir, Sigrún Helga Lund, Kjartan G. Magnússon og Ólafur K. Nielsen 2003. Analysis of time series for rock ptarmigan and gyrfalcon populations in north-east Iceland. Raunvísindastofnun Háskólans, RH-18-2003.

2. Ólafur K. Nielsen, Jenný Brynjarsdóttir og Kjartan Magnússon 2004. Vöktun rjúpnastofnsins 1999-2003. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 47.

3. Kjartan G. Magnússon, Jenný Brynjarsdóttir Ólafur K. Nielsen 2005. Population cycles in rock ptarmigan *Lagopus mutus*: modelling and parameter estimation. Raunvísindastofnun Háskólans, RH-19-2005.

Peir sem hafa áhuga á að kynna sér niðurstöður ritanna geta nálgast þau á veraldarvefnum eftir slóðunum <http://www.raunvis.hi.is/~kgm/Papers/RH>

Peir sem hafa áhuga á að kynna sér niðurstöður ritanna geta nálgast þau á veraldarvefnum eftir slóðunum <http://www.raunvis.hi.is/~kgm/Papers/RH>




1. mynd. Stofnvísitala rjúpu á Norðvesturlandi reiknuð með GAM-aðferðinni. Marktæk jákvæð umskipti eru sýnd með hringjum. Brotalínur sýna nálgðu 95% öryggismörk.

18-2003.pdf fyrir rit nr. 1 og http://www.ni.is/efst/Rjupa_fjo lrit_loka.pdf fyrir rit nr. 2. Ritgerð nr. 3 er í lokafrágangi og verður væntanlega líka aðgengileg á vefnum. Þeir sem ekki hafa aðgang að vefnum geta fengið eintök á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fyrsta ritið fjallar um tímaraðgreiningar á talninga-röðum sem spanna tímabilið

1981 til 2003 fyrir rjúpu og fálka úr Þingeyjarsýslum. Fram kemur m.a. að marktæk fækkun hefur orðið á rjúpum á rannsóknatím-anum sem nemur um 4% á ári. Einnig að sveiflutími rjúpnastofnsins er um 10 til 12 ár og að fálkastofninn breytist í takt við rjúpnastofninn en hnikað. Hnikunin nemur 2 til 4 árum. Þriðja skýrslan fjallar um stofnlíkan fyrir rjúpu. Þar er einnig stuðst við rjúpnagögn frá Norðausturlandi



2. mynd. Stofnvisitala rjúpu á Norðausturlandi reiknuð með GAM-aðferðinni. Marktæk jákvæð umskipti eru sýnd með hringjum og neikvæð umskipti með doppum. Brotalínur sýna nálgun 95% öryggismörk.


1981 til 2003, talningar og aldurshlutföll úr varpstofni og síðsumars. Það tókst að gera líkan sem hermír eftir kerfisbundnum stofnbreytingum rjúpunnar. Þættir sem skipta máli í sambandi við stofnsveifluna er neikvætt samband á milli affalla rjúpna á fyrsta ári yfir haust og vetur og stofnstærðar rjúpna 2 til 4 árum fyrr. Með líkaninu má framreikna stofnbreytingar miðað við breytilegar forsendur, þar

kemur m.a. í ljós að eftir því sem afföll fullorðinna fugla eru hærri þá dregur úr sveifluviddinni uns þeim mörkum er náð að stofnsveiflan sléttast út og stofninn helst lítill. Hér á eftir verður fjallað nánar um niðurstöður í ritinu sem er númer tvö í upptalningunni hér að ofan og fjallar um vöktun rjúpnastofnsins. Vöktunin, þ.e. að fylgjast með ástandi rjúpnastofnsins, hefur verið í gangi í áratugi og fjórir stofn-

þættir hafa verið mældir: karrafjöldi á vorin og aldurshlutföll í stofninum á vorin, síðsumars og á veiðitíma í upphafi vetrar. Elstu talningaráðirnar ná aftur til 1944 og 1950. Öll tiltæk vöktunargögn, talningar og aldurshlutföll, hafa verið birt og þá bæði í ofangreindu riti og eins í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 39 frá árinu 1999 *Vöktun rjúpnastofnsins* eftir Ólaf K. Nielsen. Þetta síðastnefnda rit má fá hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Vöktun

Talningasvæði eru 39 og spanna um 2,2% af grónu landi neðan 400 m hæðarlínunnar. Talningar sýna háa jákvæða fylgni stofnbreytinga þar sem stutt er á milli svæða en með aukinni fjarlægð fara svæðin úr fasa. GAM-líkön (*generalized additive modelling*) voru notuð til að draga ferla sem lýsa stofnbreytingum í einstökum landshlutum. Þessi tölfraðiaðferð lýsir meginleitni gagnanna með þjálum ólínulegum ferli í tíma. Hægt er að sjá



3. mynd. Dánarstuðlar rjúpna á Norðausturlandi 1981–2003. (a) Dánarstuðull fullorðinna rjúpna frá vori til vors reiknaður miðað við meðaltal karra á talningareitum. (b) Dánarstuðull fullorðinna rjúpna reiknaður miðað við faldmeðaltal karra. (c) Umframdánarstuðull rjúpna á fyrsta ári frá hausti til vors.

hvenær verða marktæk umskipti til aukningar eða fækkunar, og eins má bera saman með tölfraðilegu öryggi einstök ár. Ítarlegustu gögnin um stofnbreytingar eru frá Norðausturlandi, Suðausturlandi og Norðvestur-

landi (1. mynd). Stofnbreytingar í þessum þremur landshlutum voru í fasa á 7. áratug síðustu aldar, en úr fasa á 8. og 9. áratugnum og síðan aftur í fasa á 10. áratugnum.

Meðalstærð unгахópa síðsumars á Norðausturlandi (1981-2003) var 8,1 ungi á kvenfugl og á Suðvesturlandi (1995-2003) 7,4 ungar á kvenfugl og stærstur hluti kvenfugla var með unga (um 95%). Almennt gilti að varpa koma rjúpunnar var góð en veðurfarþættir í júní höfðu áhrif á hlutfall kvenfugla með unga og veðurfar í júní og júlí á fjölskyldustærð.

Lýðfræði stofnbreytinga

Út frá talningum og aldurshlutföllum að vori og síðsumars má meta heildardánarstuðul fullorðinna rjúpna og dánarstuðul fyrsta árs rjúpna sem er umfram dánarstuðul fullorðinna rjúpna. Gögnin eru frá Norðausturlandi 1981-2003 (2. mynd). Marktæk leitni var í breytingum á dánar-

stuðli fullorðinna fugla, lífslíkur féllu úr um 50% á ári í um 30%. Engin leitni var í dánarstuðli fyrsta árs rjúpna en stuðullinn breyttist á kerfisbundinn máta og þær breytingar voru í takt við stofnsveiflu rjúpunnar en hnikað þannig að afföllin voru mest um þremur árum á eftir hámarksári. Því má bæta við hér að í kjölfar skotfriðunar haustið 2003 urðu alger umskipti í lífslíkum fullorðinna fugla og þau fóru úr 30% á milli ára líkt og þau voru 1998 til 2002 í rúmlega 60%.

Ástand rjúpnastofnsins

Síðustu stóru rjúpnahámörkin voru 1945 og 1955. Miðað við 1955 voru 49% færri rjúpur í hámarkinu 1966, 54% færri í hámarkinu um miðjan 9. áratuginn og 69% færri í hámarkinu um miðjan 10. áratuginn (3. mynd). Tímaraðalíkon byggð á gögnum frá Norðausturlandi eftir 1981 gefa marktæka neikvæða leitni í stofnstærð sem nemur að meðaltali um 4% á ári eða 33% á 10 árum. Lýðfræðilegir þættir sem

koma við sögu eru meiri afföll fullorðinna rjúpna og sennilega líka rjúpna á fyrsta ári. Kerfisbundnar breytingar á lífslíkum rjúpna á fyrsta ári ráða því að náttúrlig tíu ára stofnsveifla hefur viðhaldist þrátt fyrir samfellda fækkun til lengri tíma lítið. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna, þá fullnægir fækkun rjúpunnar eins og hún hefur verið mæld á Norðausturlandi skilyrðum til að rjúpan flokkist á valista sem tegund í „yfirvofandi hættu“.

Umbætur á vöktunarkerfinu

Til að styrkja vöktunarkerfið er ætlunin að bæta þá þætti sem eru fyrir, fremur en að hefja mælingar á fleiri stofnþáttum. Úrtök fyrir aldurshlutföll ber að stækka,

bæði að vori og síðsumars, og einnig að fjölga talningasvæðum, einkum á Vestfjörðum, Norðvesturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi. Þá þarf að bæta skráningu í veiðiskýrslum þannig að ekki einungis afli sé sundurliðaður eftir landshlutum heldur líka sókn. Einnig er mikilvægt að nota það lag sem nú gefst vegna skotfriðunar til að meta náttúrliga dánartölu fullorðinna rjúpna sem síðar er hægt að nota til að meta meðalstofnstærð á veiðitíma.

Ólafur K. Nielsen

Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík
okn@ni.is



NOTKUN GÆSAVÆNGJA VIÐ VÖKTUN Á ÁSTANDI GÆSASTOFNA OG ÞÁTTAKA VEIÐIMANNA




ARNÓR ÞÓRIR SIGFÚSSON

VERKFRÆÐISTOFA SIGURDAR THORODDSEN

Þeir fjórir gæsastofnar sem veiddir eru hér á landi eru vaktaðir þannig að hægt sé að fylgjast með ástandi þeirra og stofnbreytingum. Allir stofnarnir eru taldir á vetrarstöðvum sem eru Bretland og Írland. Talningar þessar hófust á 6. áratug síðustu aldar þegar árlegar talningar á heiðagæsnum og grágæsnum á vegum The Wildfowl & Wetlands Trust (WWT) byrjuðu. Árlegar heildartalningar á blesgæsnum hófust ekki fyrr en upp úr 1980 þó talningar á hluta vetrarstöðvanna hefðu hafist fyrr. Blesgæsatalningar eru á vegum the Greenland White-fronted Goose Study (GWGS). Helsingjar eru taldir heildartalningu á fimm ára fresti en árlega á stórum hluta vetrarstöðvanna og eru þær talningar á vegum WWT. Vegna þessara talninga eru breytingar á þessum stofnum

nokkur vel þekktar en þær hafa orðið verulegar á þessum tíma, þeim hefur öllum fjölgað þó á seinni árum hafi grágæs fækkað nokkuð aftur og það sama á við um blesgæsir sem hefur fækkað nokkuð hratt síðustu ár (sjá <http://wwt.org.uk/>).

Auk talninganna hefur verið fylgst með hlutfalli unga í stofnunum og stærð fjölskyldna. Þetta hefur lengst af verið gert á vetrarstöðvum skömmu eftir að gæsirnar koma frá varpstöðvunum á Íslandi og Grænlandi en á seinni árum höfum við einnig gert tilraun til að meta unghlutfall hjá sumum tegundunum hér, sérstaklega hjá grágæs. Þessi mæling fer þannig fram að gæsa hópar eru skoðaðir með fjarsjá og þannig geta vanir menn greint unga frá fullorðnum. Þessi aðferð er þó tímafrek og einnig hafa menn



1. mynd. Greina má milli fullorðinna gæsa og unga með því að skoða minni vængþökufjaðrinnar á ofanverðum vængnum. Á unganum eru þær ávalar til endanna og litaskil á jaðri þeirra óljós. Á fullorðnum gæsum eru minni vængþökufjaðrinnar þverstýfðar til endanna og áberandi ljósari jaðar á gráu gæsnum. Auk þess að skoða vængjina má einnig snemma hausts skoða enda stélfjaðranna. Á unganum er endinn með V-laga skerðingu á meðan endinn er yddur á fullorðnum fuglum og á þetta jafnt á við endur og gæsir.

rætt um að skekkja geti verið í niðurstöðum vegna mismunandi dreifingar geldfugla og fjölskyldufugla. Önnur aðferð sem mælir unghlutfall í stofni er að skoða veiðina og aldursgreina, en nokkuð auðvelt er að greina unga frá fullorðnum með skoðun á væng (1. mynd). Það hefur verið gert hér á landi síðan 1993 þegar byrjað var að safna anda- og gæsavængjum til aldursgreininga frá veiðimönnum. Þetta var í upphafi á vegum Veiðistjóraembættisins sem nú er Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar en frá árinu 1995 til ársins 2000 var söfnun og greining vængja á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eftir það féll greining niður þar til ársins 2003 þegar höfundur (APS) hóf á ný söfnun og greiningu gæsavængja í samvinnu við Halldór Walter Stefánsson.

Markmiðið með söfnun og greiningu gæsavængjanna er að mæla aldurshlutföll í veiðinni. Hlutfall unga í veiðinni gefur okkur vísbendingu um varpárangur gæsa og breytileika milli ára. Ungahlutföll í veiðinni eru þó ekki þau sömu og eru í stofninum því veiðanleiki ungra og fullorðinna

fugla er ekki endilega sá sami. Það er þó líklegt að munurinn á veiðanleika aldurshópanna sé sá sami milli ára og því endurspeglir breytileiki í unghlutfalli í veiðinni breytileika í stofnunum sjálfum. Þannig er hátt unghlutfall í veiði vísbending um góðan varpárangur og lágt hlutfall vísbending um lélegan varpárangur. Með því að þekkja unghlutfall í veiði má út frá veiðiskýrslum veiðimanna reikna fjölda ungra og fullorðinna gæsa sem skotnir eru á hverju áru. Þekking á unghlutfalli og varpárangri hjálpar okkur svo að túlka breytingar sem sjást í talningum. Mjög góð samsvörun er milli unghlutfalls í veiði og þess sem mælt er á vetrarstöðvunum sem bendir til að báðar aðferðir gefi okkur góða vísitölu yfir ungaframleiðslu í stofnunum. Ungahlutfall er nokkuð mismunandi eftir tegundum. Það er hæst hjá grágæsum, rúm 40%, heiðagæs er nokkuð lægri eða rúm 33% og blesgæs er einnig með um 33% að meðaltali þó undanfarin ár hafi það lækkað mjög. Hjá helsingjanum er hlutfallið um 26% (Arnór Þ. Sigfússon 2000. Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004).

Til stendur að halda áfram að safna og aldursgreina gæsavængi og til að það megi verða er góð samvinna við veiðimenn nauðsynleg. Fjöldi veiðimanna hefur lagt þessum rannsóknum lið og vonum við að svo verði áfram. Við munum svo taka saman reglulega niðurstöður greininganna og senda þeim sem leggja okkur lið (sjá Arnór Þ. Sigfússon 2000. Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004).

Ef veiðimenn hafa samband við okkur þá komum við og sækjum vængi eða greinum fuglana á staðnum eða þá að hægt er að senda okkur vængina ef veiðimenn eru í öðrum landshlutum en við. Halldór Walter Stefánsson er á Egilsstöðum og hægt að ná í hann í síma 471 2553 og með tölvupósti á doco@mi.is. Arnór Þ. Sigfússon er í Reykjavík og má

ná í hann í síma 894 9960 og með tölvupósti á arnor@vst.is. Séu vængir geymdir í einhvern tíma er mikilvægt að geyma þá ekki í plasti því þá úldna þeir og mygla mjög fljótt svo erfitt verður að greina þá. Best er að leyfa þeim að þorna og geyma þá frekar í opnum pappakössum. Séu þeir sendir í flugi eða með flutningafyrirtækjum þá þarf að pakka þeim í lofþéttar umbúðir svo ekki berist af þeim lykt.

Heimildir:

- Arnór Þ. Sigfússon 2000. Gæsaránnsóknir og skotveiðimenn. SKOTVÍS 6(1): 29-34.
- Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004. Greining á anda- og gæsavængjum úr veiði 1993-2000. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-03009. Reykjavík 2004.

www.isnes.is

BREYTT VIÐHORF



SIGMAR B. HAUSSON

FORMADUR SOTVEIÐIFÉLAGS ÍSLANDS

Skotveiðar hafa í raun ekki verið stundaðar sem tómstundagaman hér á landi í langan tíma. Fram að 1950 voru skotveiðar stundaðar að allmestu leyti í atvinnuskyni eða til að afla matar. Rjúpnaveiðar voru hér í áratugi nánast einvörðungu stundaðar í atvinnuskyni. Nú eru breytt viðhorf.

Nægt framboð er af matvællum og enginn þarf að stunda veiðar sér til lífsviðurværis. Fullyrða má að nánast sé útilokað að stunda skotveiðar hér á landi sér til lífsviðurværis. Enda hljóðar gamalt orðatiltæki svo: „Ætíð er sultur og seyra í því búi, sem mikið er veitt af rjúpum.“ Atvinnuveiðar á villibráð eiga því engan rétt á sér lengur og liggja fyrir því ýmsar ástæður. Þýðingarmesti þáttur þessa máls er að

stofnar veiðidýra hér á landi eru ekki ótæmandi auðlind. Þá steðja að veiðidýrunum ýmsar nýjar hættur. Í því sambandi mætti nefna mannvirkjagerð af ýmsu tagi; nærtækt dæmi eru virkjanaframkvæmdir á hálendi Íslands og svo mengun af ýmsum toga. Þá hefur hlýnun undanfarinna ára veruleg áhrif á villt dýr og gróður.

Samkvæmt nýrri skýrslu Sam-einuðu þjóðanna er talið að 16.000 tegundir dýra og plantna séu í útrýmingarhættu í heiminum í dag og 23% allra spendýra heimsins á í vök að verjast. Það er því krafa samfélagsins að veiðar úr stofnum villtra dýra eigi að vera sjálfbærar. Allir veiðimenn hljóta að vera þessu sammála því öll viljum við að þeir dýrastofnar,

sem við veiðum úr, séu sterkir og heilbrigðir og okkur veiðimönnum dagsins í dag ber skylda til að skila stofnum veiðidýra í góðu ástandi til komandi kynslóða. Skotveiðar í íslensku náttúru er skemmtilegt og gefandi tómstundagaman. Þá er villibráð einhver sá hollasti matur sem völ er á.


Sænski læknirinn, Staffan Lindeberg, hefur í merkri bók sem hann hefur ritað, bent á hollustu villibráðar og telur að við eigum að auka neyslu þessa ómengaða og holla matar, sem villibráðin er. Hann bendir m.a. á það að í samfélögum, þar sem fólkið lifir eingöngu á villibráð, sé heilsufar miklu betra. Nefnir hann í því sambandi þjóðflokk á Papua í Nýju Gíneu þar sem fólkið lifir eingöngu á veiðum. Hjá þessu fólki eru sjúkdómar eins og háþrýstingur, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómar nær óþekktir. Ýmis náttúruverndarsamtök sem áður hafa

verið andsnúin því að fólk skuli stunda veiðar sér til ánægju hafa nú skipt um skoðun. Í þessu sambandi mætti nefna samtökin Vinir jarðar (Friends of Earth). Þessi samtök telja að veiðar séu góður kostur til að afla matvæla og nýta með því landsvæði sem ekki er hægt að nýta til landbúnaðar eða á annan hátt.

Íslenskum veiðimönnum ber skylda til að nýta bráðina vel. Í þessu sambandi þarf að gera verulega bragarbót hér á landi. Allt of algengt er að t.d. gæsa-veiðimenn hirði aðeins bringur þeirra fugla sem þeir veiða og of algengt er að illa sé gengið frá bráðinni og hún skemmist.

Skotveiðifélag Íslands hyggst því hefja baráttu og fræðsluherferð til að fræða íslenska skotveiðimenn um það hvernig nýta á bráðina, umgangast hana og geyma. Vel verkuð villibráð er einhver sá besti matur sem völ er á og sá hollasti.

Skipting landsins í sex veiðisvæði



Svona lítur veiðiskýrslan út fyrir árið 2005

- Svartbakur
- Sílamáfur
- Silfurmáfur
- Hrafn
- Grágæs
- Heiðagæs
- Fyll
- Dílaskarfur
- Toppskarfur
- Blesgæs
- Helsingi
- Stökkönd
- Urtönd
- Rauðhöfðaönd
- Duggönd
- Skúfönd
- Hávella
- Toppönd
- Hvítmáfur
- Hettumáfur
- Rita
- Álka
- Langvía
- Stuttnefja
- Teista
- Lundi
- Rjúpa
- Kjói
- Refur
- Minkur
- Hreindýr

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:	FJÖLDI VEIÐIDAGA
Svartbakur								
Sílamáfur								
Silfurmáfur								
Hrafn								
Grágæs								
Heiðagæs								
Fyll								
Dílaskarfur								
Toppskarfur								
Blesgæs								
Helsingi								
Stökkönd								
Urtönd								
Rauðhöfðaönd								
Duggönd								
Skúfönd								
Hávella								
Toppönd								
Hvítmáfur								
Hettumáfur								
Rita								
Álka								
Langvía								
Stuttnefja								
Teista								
Lundi								
Rjúpa								
Kjói								
Refur								
Minkur								
Hreindýr								

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Ísnes EHF.

www.isnes.is

SO10EELL Verð kr. 6.330.000



BERETTA SO10EELL

BROWNING
Stoeger
Gazelle
Savage
SWISS ARMS
KAPS Luger

haglabyssur rifflar
rifflisjónaukar & ótalmargt fleira

SJÓBÚÐIN EHF

www.sjobudin.is
LAUFÁSGATA 1 - 600 AKUREYRI - Sími 462 6120

VEIÐIKORTAKERFIÐ



Ár	Fj. Umsókna	Útg. veiðikort	Gr. veiðikort	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	1.880.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Fjúpnarannsóknir	9.000.000	Náttúrufr.st. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
Samtals	10.880.000		

VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Sóknard. 2002	2003	Stofnst. að vori
Svarbakur	35.787	32.785	29.801	32.342	25.133	20.210	18.023	17.175	3.323		50.000
Silamáfur	22.340	22.390	27.625	34.030	19.865	26.742	17.753	22.925	2.754		25.000
Silfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.289	5.569	5.190	6.504	1.711		4.000
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.564	4.555	3.087	3.884	2.837	1.658		2.500
Grágæs	35.350	37.657	41.240	38.017	35.038	32.510	32.692	30.732	8.735	Veititölur 2003 ónothæfar sjá leiðara	83.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Heiðagæs	10.695	12.182	14.674	15.396	13.903	14.271	12.557	11.516	3.459		200.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.319	3.563	3.710	2.900	989		32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Helsingi	1.876	1.619	2.629	2.283	1.376	1.412	1.409	919	328		32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Stökkönd	9.885	11.507	10.635	10.989	9.336	10.443	9.672	8.306	3.847		10-15.000
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.099	1.190	2.348	1.743	1.376	571		3-5.000
Rauðhöfðaönd	684	709	637	668	811	1.688	1.356	838	327		4-6.000
Duggönd	101	173	232	86	183	204	238	185	80		4-6.000
Skúfönd	126	70	158	203	473	82	103	91	67		6-8.000
Hávella	2.022	1.860	1.556	1.496	1.843	1.949	1.924	1.532	363		1-3.000
Toppönd	488	757	672	674	546	559	725	553	209		2-4.000
Hvitmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.251	3.111	2.471	1.112		8.000
Hettumáfur	2.958	2.696	2.854	2.306	1.910	1.527	1.274	1.191	356		25-30.000
Rita	1.371	1.461	2.324	1.433	1.596	1.724	2.135	1.242	920		900.000
Dilaskarfur	2.550	2.980	2.762	1.894	1.657	2.161	3.352	2.313	500		2-3.000
Toppskarfur	5.128	6.499	4.423	2.257	2.237	2.783	3.811	3.148	526		8-9.000
Fjöll	8.059	8.920	10.093	9.037	7.739	10.495	10.323	8.158	920		1-2 milljónir
Álka	18.461	27.588	20.862	25.185	27.946	20.323	22.082	21.211	1.265		380.000
Langvía	52.867	65.179	59.529	65.612	59.797	66.567	52.839	58.169	1.951		990.000
Stuttnefja	15.114	20.489	15.443	18.495	21.673	16.572	17.288	15.079	1.039		580.000
Teista	3.424	4.082	3.942	3.876	4.882	4.692	4.852	3.195	645		20-30.000
Lundi	215.517	232.936	186.400	160.075	127.680	128.246	136.320	122.444	12.184		2-3 milljónir
Rjúpa	123.392	158.363	166.129	159.188	153.263	129.200	101.548	78.270	15.456		50-100.000
Kjóli	2.617	2.292	1.993	1.752	1.302	1.293	1.183	1.020	707		5-10.000
Refur	3.677	3.535	3.957	4.523	4.905	5.415	5.403	5.649	3.023		3.900 fjöldi dýra að vori
Minkur	6.341	6.718	8.016	7.780	7.730	8.638	8.307	8.405	4.659		>3.500 fjöldi dýra að vori
Hreindýr	329	361	260	300	406	359	462	552	736		2.500 fjöldi dýra að vori
Súla (ungar)	707	994	636	686	438	831	1.196	493	17		23.000

Stofnstærð að vori - Varppör nema annað sé tekið fram

Athugið að heildarstofnstærð er ((varppör x 2) + ókynbrokka fuglar)

Dæmi: Stofn X að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar

Kæru veiðimenn

Ákstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásýnd lands m.a. vegna veðráttu og norðlægrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkur af ösku, vikri og öðrum áfoksefnum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hálandinu einkennist gróðurþekjan víða af mosaríkum sverði og gisnum háplöntugróðri. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp. Sýnum því samstöðu – hlífum landinu við akstri utan vega.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 89 fríðlyst náttúruverndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd og þrjú með sér lögum. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtöldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með vísan í náttúruverndarlög. Hinsvegar er landeigendum, sveitarstjórnum og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplýsingar um gildandi reglur á fríðlystum svæðum er að finna í auglýsingum B-deildar Stjórnartíðinda og á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

Svæði	Augl.nr.	Undantekningar frá banni
Suðvesturland		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Eldey	119/1974	
Gróttá	13/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmárósar	506/1987	
Bakkatjörn	889/2000	Eyðing meindýra er heimil með leyfi umhverfisnefndar Seltjarnarness
Hlið	549/2002	Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjörur 663/2002 Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf svæðisins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Vesturland

Blautós og Innstavogsnes	166/1999	
Búðahraun	357/1979	
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Húsafellsskógur	606/2001	
Melrakkaey	118/1974	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	
Snæfellsjökull	568/2001	
Hvanneyri	364/2002	

Vestfirðir

Flatey	395/1975	Bændum er heimilt að bægja frá vargi.
Hornstrandir	332/1985	
Hrisey	425/1977	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar
Vatnsfjörður	96/1975	

Norðurland Vestra

Hrútey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósþéjar.
Miklavatn	29/1977	Eyðinga meindýra er heimil
Spákonufellshöfði	444/1980	
Norðurland Eystra		
Böggvissstaðafjall	432/1994	Rjúpnaveiðar eru heimilar
Detlifoss, Selfoss og Hafragilsfoss	457/1996	Landeigendum eru heimilar dýraveiðar
Fríðland í Svarfaðardal	443/1980	
Herðubreiðarfríðland	272/1974	Meindýraveiðar bænda eru heimilar
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Vestmanna vatn	30/1977	Eyðing meindýra er heimil

Austurland

Díma í Lóni	523/1975	
Esjuflölli í Breiðamerkurjökli	188/1978	
Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.
Hólmanes	393/1973	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
Hvannalindir í Krepputungu	32/1973	
Ingólfshöfði	388/1978	
Kringilsárrani	181/2003	

Lónsöræfi	31/1977	Veðirettur landeignenda er óbreyttur
Ósland	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins
Salthöfóð og Salthöfðamýrar	249/1977	Eyðing meindýra er heimil
Skaptafell	319/1984	
Skrúður	513/1995	Ábúanda er heimil hlunnindanýting
Suðurland		
Dyrhólaey	101/1978	Hlunnindanýting bænda er heimil.
Dvergghamrar	446/1987	
Gullfoss	141/1979	
Herdísarvík	121/1988	
Oddaflóð	634/1994	
Pollengi og Tunguey	457/1994	
Skógafoos	477/1987	
Surtsey	122/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km
Pingvellir	Lög 59/1928	Meindýraveiðar eru heimilar
Pjósarvör	507/1987	



Vandaðir rifflar og sjónaukar





J. Vilhjálmsson ehf.
 Dunhaga 16, 107 Reykjavík
 Sími: 561-1950
 j.vilhjalms@bysea.is
 www.byssea.is

Byssusmiði - Byssuviðgerðir - Byssusala
 Nýjar byssur - Notaðar byssur - Fylgihlutir
 Vöðlur - Vöðluviðgerðir - Vöðluleiga - Þtanganleiga

Umboð fyrir: Blaser, Sauer og Mauser riffla,
 Schmidt & Bender, Pecar-Berlin og Kahles sjónauka,
 Niggeloh ólar og Recknagel sjónaukafestingar.

♦ Diploma de Ecole de Liège

Friðlýst svæði



Skilahappdrætti Veidistjórnunarsviðs 2005

Þann 7. febrúar var dregið úr þeim 5.387 skýrslum sem var skilað inn fyrir 1.febrúar 2005.

1. verðlaun

GPS staðsetningartæki

1. Sigurður Kristinn Finnsson

Borgartúni 30a

105 Reykjavík

2.-5. verðlaun

Skotvopnabókin.

Meðferð og eiginleikar skotvopna, Einar Guðmann

2. Kristinn Pálmar Vignisson

Skólavegi 10a

750 Fáskrúðsfjörður

4. Þórður Sveinsson

Oddabraut 18

815 Þorlákshöfn

3. Ómar Björgólfsson

Árskógum 9

700 Egilsstaðir

5. Pétur Ingi Haraldsson

Furugrund 24

200 Kópavogur

6.-10. verðlaun

Áttaviti

6. Heiðar Viggó Viggósson

Skipasundi 67

104 Reykjavík

9. Sigurður Sigurðsson

Hlaðbrekku 19

200 Kópavogur

7. Sigurður Friðriksson

Bakkaflöt

560 Varmahlíð

10. Eiríkur Óskar Jónsson

Spóahólum 2

111 Reykjavík

8. Sigfús Þorgrímsson

Selnesi 42

760 Breiðdalsvík

Skyldulesning allra skotvopnaeigenda



Skotvopnabókin eftir Einar Guðmann fjallar um meðferð og eiginleika skotvopna. Fjölmargar skýringarmyndir eru í bókinni og ennfremur er bókin gagnlegt uppsláttar- og fröðleiksrit fyrir alla skotvopnaeigendur.

**PANTANIR Á
WWW.FLUGUVEIDI.IS
OG Í SÍMA 846 1570**



**Vefur veiðimannsins
Fluguveidi.is og Flyfishing.is**

FUGLAMERKI

HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lífnaðarhætti þeirra, ferðir, lífslengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthfang merkingastöðvar og raðnúmer, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til rétttra aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu merkið og upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hverrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrotinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595*

Sérverslun skotveiðimannsins



Bíldshöfða 12 · Reykjavík · Sími 567 5333
Haukamýri 4 · Húsavík · Sími 464 1009
www.hlad.is



Úrdráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er Umhverfisráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en er ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til

15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is. Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur frá 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbyla enda geti enginn sannað eignarétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstofnarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyki.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepð eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.

14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálfjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða og fjórhjól, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúna farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja eða ungataka súlu, dilaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmafs, rítu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má ►

nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjast ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl**. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiarinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veiðiárið telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Umhverfisstofnun er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 48.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.



Savage Arms
The Definition of Accuracy

SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 562 8383



**ÚRVAL AF
BYSSUM Á
vesturrost.is**



**MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM BYSSUM
HREINDÝRARIFFLAR**

Sako • Tikka • Remington • Ruger • Savage • Winchester

EINNIÐ SÉRPÖNTUM VIÐ FLESTAR GERÐIR AF BYSSUM

Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík

Sími: 551-6770 • 581 4455 • www.vesturrost.is • vestrost@mmedia.is

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst	September	Oktober	Nóvember	Desember
Tegund												
Svartbakur												
Sílamáfur												
Silfurmáfur												
Hrafn												
Grágæs												
Heiðagæs												
Fýll												
Dilaskarfur												
Toppskarfur												
Blesgæs												
•Helsingí												
Stökkönd												
Urtönd												
Rauðhöfðakönd												
Duggönd												
Skúfönd												
Hávella												
Toppönd												
Hvitmáfur												
Hettumáfur												
Rita												
Álka												
Langvía												
Stuttnefja												
Teista												
Lundi												
Rjúpa												
Kjói												

ATH! Helsingí er fríðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp lítill alislenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til

Remington®

C O U N T R Y



Remington hálfsjálfvirkar haglabyssur
í 100 ár.

Árið 1905 hóf Remington framleiðslu á hálfsjálfvirkar haglabyssur og hafa þær sannað sig við erifðar aðstæður.



Í tilefni afmælisins setur Remington nýja gerð á markað: **11-87 Sportsman**. Frábært verð, hafið samband við endursöluaðila.

Umboð á Íslandi:

Veidiland

Flugumýri 8 – 270 Mosfellsbær

Sími: 588 5830 – Fax: 588 5835 – phh@veidiland.is



Benelli

5 ára ábyrgð á öllum nýjum byssum



Nova pumpa - 12-ga. 3 1/2"



Ný M2 Field, ComforTech™ - 12-ga. 3"



Sport II - 12-ga. 3"

Dreifing:

Veidihúsid